



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Svar við fyrirspurn fulltrúa/áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um frágang við aðreinar inn að Álfabakka

Lögð er fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um frágang við aðreinar inn að Álfabakka, sbr. 33. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. október 2023.

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvenær standi til að fara í frágang frá aðrein Reykjanesbrautar inn að Álfabakka. Fulltrúi Flokks fólksins er komin í lið þeirra sem spyrja sömu spurningar. Það eru miklar áhyggjur af því að skortur á frágangi frá aðrein Reykjanesbrautar inn að Álfabakka. Þetta hefur ítrekað verið nefnt af framkvæmdastjóra Garðheima. Garðheimar fluttu nýverið í nýtt húsnæði að Álfabakka 6 og samkvæmt áætlun átti að vera búið að ganga frá öllu í síðasta lagi í sumar. Það hefur ekki verið gert og þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar til borgaryfirvalda hafa engin svör borist. Hornið á fráreininni frá Reykjanesbrautinni inn á Álfabakkann er sérstaklega hættulegt og "það er betra að byrgja brunninn áður en barn fellur ofan í hann" Þarna verður að fara í að ljúka við frágang.

Fyrirspurninni var vísað umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Svar við fyrirspurn:

Búið er að mála stöðvunarlínu og setja upp stöðvunarskilti- og einstefnuskilti á aðreininni við Álfabakka til að bæta umferðaröryggi. Að auki er búið að merkja miðlínu á milli aðreinar og Árskóga ásamt því að fjarlægja merkingar.

Á næstunni verður farið í að bæta sjónlínulengdir með því að grisja gróður við gatnamótin.

Verið er að endurhanna gatnamótin með því að þrengja þau eins og hægt er, en þó með því að strætó og flutningabílar geti farið þarna um með góðu móti. Farið verður í þá framkvæmd um leið og hönnunin klárast og áætlað er að ljúka framkvæmdum fyrir áramót ef veður leyfir.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald